

Leiðbeiningar fyrir segulborða með glugganeti

Mælum einnig með að skoða leiðbeiningamyndbönd á heimasíðu okkar www.glugganet.is/pages/leidbeiningar

Segulborðar notaðir í stað gluggalama

Hafir þú valið segulborða með DIY pakkanum þínum þá sleppir þú lið 8, lið 9 og lið 12 í almennu leiðbeiningunum og mögulega sleppir þú líka lið 10.

Álíming segulborða

1. Áður en segulborðarnir eru límdir á þarf að þrifa vel öll óhreinindi og fitu af bæði áframmanum og gluggakarminum. Passið að fletirnir séu þurrir áður en lengra er haldið.
2. Byrjið á að losa filmuna af brúna borðanum og límið hann aftan á áframmann (límið yfir hornin eða látið borðana mætast á hornunum).
3. Leggið hvíta borðann ofan á þann brúna sem er á áframmanum og klippið til (ekki taka filmuna af strax).
4. Mátið gluggarammann á gluggann og merkið með blýanti svo þið getið stillt ramman eftir merkingunum þegar þið hafið tekið filmuna af líminu.
5. Takið nú filmuna af hvíta borðanum og stillið ykkur af miðað við merkingarnar og þegar þið eruð sátt þrýstið þá rammanum að gluggakarminum.
6. Takið ramman af og þrýstið enn betur á borðann sem er nú á gluggakarminum svo hann límist sem best á gluggakarminn.

